

**Ríkislögmaður**  
**01 271**

**Ársreikningur 2021**

## **Efnisyfirlit**

**Bls.**

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymsyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Ríkislögmaður**

**kt. 600186-1759**

**Hverfisgötu 6, 150 Reykjavík**

## **Skýrsla og áritun forstöðumanns**

Ríkislögmaður er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem var stofna með lögum nr. 51/1985 um ríkislögmann.

Ríkislögmaður heyrir undir stjórnarráðið og er skipaður af forsætisráðherra til fimm ára í senn. Helstu verkefni embættisins eru rekstur dómsmála fyrir ríkið og stofnanir þess. Er þar aðallega um að ræða vörn einkamála á öllum dómtigum og fyrir Félagsdómi. Ríkislögmaður annast einnig sókn þeirra mál sem ríkið höfðar á hendur öðrum. Þá er ríkislögmaður í fyrirsvari fyrir íslenska ríkið hjá Mannréttindadómstóli Evrópu og fer með mál fyrir EFTA-dómstólinum.

Ríkislögmaður fer einnig með uppgjör bótkrafna sem beint er að ríkinu. Auk þess geta ráðherrar óskað lögfræðilegs álits hans um einstök málefni og aðstoðar við vandasama samningagerð.

Utan starfssviðs ríkislögmanns falla dómsmál sem ríkisbankar eða fjárfestingalánasjóðir í eigu ríkisins eiga aðild að. Ennfremur dómsmál til innheimtu opinberra gjalda, orlofsfjár, viðskiptakrafna eða hliðstæðra krafna nema ráðherra, sem hlut á að máli, óski atbeina ríkislögmanns við meðferð einstakra mál.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnsvið 9 og málauflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 285,6 milljónir og afkoma kr. -14,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -22,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 24,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Ríkislögmanns í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Ríkislögmanns fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Fanney Rós Þorsteinsdóttir,  
ríkislögmaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	256.700.000	231.000.000
Seld þjónusta .....		22.606.369	17.893.913
Framlög og ýmsar tekjur .....		5.742.544	0
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	546.700	505.559
<b>Tekjur samtals</b>		<b>285.595.613</b>	<b>249.399.472</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	3	236.672.021	203.822.426
Annar rekstrarkostnaður .....	4	62.681.195	71.665.728
Afskriftir .....		546.700	505.559
<b>Gjöld samtals</b>		<b>299.899.916</b>	<b>275.993.713</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>			
		(14.304.303)	(26.594.241)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(9.888)	(17.613)
		(9.888)	(17.613)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(14.314.191)</b>	<b>(26.611.854)</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

# Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	5		
Áhöld, tæki og búnaður .....		2.261.289	2.722.616
Aðrar eignir .....		290.950	290.950
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>2.552.239</b>	<b>3.013.566</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	6	20.335.000	17.370.000
Tengdir aðilar .....	7	0	334.669
Handbært fé .....		1.261.697	1.454.455
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>21.596.697</b>	<b>19.159.124</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>24.148.936</b>	<b>22.172.690</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	8		
Hrein eign .....		(22.072.467)	(7.758.276)
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>(22.072.467)</b>	<b>(7.758.276)</b>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	7	11.428.507	17.170
Viðskiptaskuldir .....		1.669.486	1.953.281
Ýmsar skammtímaskuldir .....	9	31.245.176	25.835.581
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	10	1.878.234	2.124.934
<b>Skuldir samtals</b>		<b>46.221.403</b>	<b>29.930.966</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>24.148.936</b>	<b>22.172.690</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	11		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymsyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....	(14.314.191)	(26.611.854)	
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	546.700	505.559	
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	(546.700)	(505.559)	
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	(14.314.191)	(26.611.854)	
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....	(2.965.000)	(2.120.000)	
Tengdir aðilar .....	11.960.633	35.625.989	
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....	5.125.800	(6.751.535)	
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	14.121.433	26.754.454	
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>(192.758)</b>	<b>142.600</b>	
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	5	(85.373)	(994.671)
		<hr/>	<hr/>
		(85.373)	(994.671)
<b>Fjármögnumnarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....	0	694.671	
Fjárfestingarframlag .....	85.373	300.000	
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	85.373	994.671	
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....	(192.758)	142.600	
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	1.454.455	1.311.855	
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>1.261.697</b>	<b>1.454.455</b>	
	<hr/>	<hr/>	<hr/>

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymsyfirlits.*

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eigin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

# Skýringar

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding; óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

## Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2021	2020		
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>				
Fjárveiting ársins .....	256.700.000	231.000.000		
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	546.700	505.559		
	<u>257.246.700</u>	<u>231.505.559</u>		
<b>Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:</b>				
	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	231.700.000	0	0	231.700.000
Launabætur .....	4.900.000	0	0	4.900.000
Millifært úr varasjóð .....	20.100.000	0	0	20.100.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>256.700.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>256.700.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ....	(271.014.191)	0	0	(271.014.191)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(14.314.191)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(14.314.191)</b>
	2021	2020		
<b>3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>				
Laun .....	189.536.926	165.615.934		
Orlof, breyting .....	5.409.595	1.568.238		
Launatengd gjöld .....	41.348.680	36.465.112		
Starfsmannakostnaður .....	376.820	173.142		
	<u>236.672.021</u>	<u>203.822.426</u>		
Meðalfjöldi stöðugilda .....	12,3	10,0		
	2021	2020		
<b>4 Annar rekstrarkostnaður</b>				
Bækur, ritföng, filmur o.fl. .....	662.273	485.626		
Tæki og búnaður til innréttингa .....	90.670	0		
Ýmis tæki og áhöld .....	412.004	177.039		
Orkugjafar .....	161.444	149.814		
Matvæli .....	664.687	379.897		
Almennar rekstrarvörur .....	68.184	206.174		
Vörukaup, almenn	2.059.262	1.398.550		
Ýmsar sérgreindar vörur .....	19.623	57.331		
Vörukaup, sérgreind	19.623	57.331		
Fundir, námskeið, risna .....	708.371	655.000		
Ferðir, uppihald .....	0	946.652		
Akstur .....	54.857	71.712		
Sérfræðiþjónusta .....	26.034.387	46.365.273		
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	12.600	64.709		
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	12.591	174.507		
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	2.717.311	3.126.635		
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	29.540.117	51.404.488		

## Skýringar

	2021	2020
<b>4 Annar rekstrarkostnaður, frh.</b>		
Samningsbundin kaup og leiga .....	1.272.730	533.031
Afnotagjöld .....	2.718.428	2.306.382
Leigugjöld .....	11.009.270	9.118.784
Notkun véla og flutningatækja .....	0	15.730
Verkkaup .....	1.270.237	1.825.213
Kostnaðarhlutdeild .....	9.466.528	2.726.219
Tapaðar kröfur .....	<u>5.325.000</u>	<u>2.280.000</u>
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	31.062.193	18.805.359
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>62.681.195</u>	<u>71.665.728</u>

## 5 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2021	31.12.2020
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	2.261.289	2.722.616
Aðrar eignir .....	<u>290.950</u>	<u>290.950</u>
	<u>2.552.239</u>	<u>3.013.566</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021 .....	6.960.546	290.950	7.251.496
Viðbætur á árinu .....	<u>85.373</u>	0	<u>85.373</u>
	7.045.919	290.950	7.336.869
Afskriftir 01.01.2021 .....	4.237.930	0	4.237.930
Afskrift ársins .....	<u>546.700</u>	0	<u>546.700</u>
	4.784.630	0	4.784.630
Staða 31.12.2021 .....	<u>2.261.289</u>	<u>290.950</u>	<u>2.552.239</u>

## 6 Viðskiptakröfur

	31.12.2021	31.12.2020
Viðskiptakröfur .....	33.534.725	25.244.725
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu .....	<u>(13.199.725)</u>	<u>(7.874.725)</u>
	<u>20.335.000</u>	<u>17.370.000</u>

# Skýringar

31.12.2021      31.12.2020

## 7 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	0	334.669
	<u>0</u>	<u>334.669</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	11.403.913	0
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	24.594	17.170
	<u>11.428.507</u>	<u>17.170</u>

## 8 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum.

31.12.2021      31.12.2020

**Hrein eign**

Jöfnuður 1.1. .....	(7.758.276)	18.853.578
Afkoma ársins .....	(14.314.191)	(26.611.854)
Jöfnuður 31.12. .....	<u>(22.072.467)</u>	<u>(7.758.276)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

## 9 Ýmsar skammtímaskuldir

31.12.2021      31.12.2020

Ógreitt orlof .....	31.245.176	25.835.581
	<u>31.245.176</u>	<u>25.835.581</u>

## 10 Frestun tekjfærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

31.12.2021      31.12.2020

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	2.552.239	3.013.566
Umframráðstafað til fjárfestinga .....	(674.005)	(888.632)
	<u>1.878.234</u>	<u>2.124.934</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021 .....	3.013.566	(888.632)	2.124.934
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	300.000	300.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	85.373	(85.373)	0
Tekjfærsla frestaðra tekna .....	(546.700)	0	(546.700)
	<u>2.552.239</u>	<u>(674.005)</u>	<u>1.878.234</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 0,4 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

# Skýringar

## 11 Aðrar upplýsingar

### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samning um húsnæði til ársloka 2025 og þjónustusamninga um rekstur. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 17,4 milljónum og vegna rekstrarsamninga kr. 1,3 milljónum.

### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.